

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 - 10

Dags. / Date:

Tilvísun / Reference:

150 REYKJAVÍK

18.07.02

02-327  
000.21

Hér með fylgir umsögn Vinnueftirlitsins um frumvarp til laga um Lýðheilsustöð, 707., mál.

Með frumvarpi þessu er stuðlað að frekari umræðu um lýðheilsu á Íslandi sem er löngu orðið tímabært. Tilsvaramandi stofnanir eru til í nágrannalöndum okkar og gegna víðtækum og mikilvægum hlutverkum.

Í frumvarpinu er hvergi minnst á Vinnueftirlitið sem samstarfsaðila við væntanlega lýðheilsustöð utan við tilvitnun í 9.gr þar sem fjallað er um tóbaksvarnarráð. Þetta er furðulegt einkum með hliðsjón af því sem segir í 3. grein um hlutverk stöðvarinnar en þar segir m.a. að *hlutverkið sé að samræma lýðheilsustarf, annast fræðslu til almennings um heilbrigði og heilsueflingu í samstarfi og samvinnu við landlækni og aðra eftir því sem við á og styðja starfsemi stofnana og frjálsra félagasamtaka til eflingar lýðheilsu*. Ennfremur segir í athugasemdum við lagafrumvarpið: *Þá er gert ráð fyrir að annað heilsueflingar- og forvarnarstarf á vegum ríkisins verði flutt til Lýðheilsustöðvar*.

Vinnueftirlitið hefur um árabíl veitt fræðslu til fólks á vinnumarkaði um heilbrigði, heilsuvernd og heilsueflingu á vinnustað, sinnt virku eftirliti með öryggi og hollustuháttum á vinnustöðum og gert rannsóknir á heilsufari, líðan, sjúkdómum og dánartíðni tiltekinnar starfshópa og starfsmanna í tilteknum atvinnugreinum.

Vinnuvernd er einn af hornsteinum lýðheilsuaðgerða. Vinnustaðurinn er kjörinn staður til heilsuverndar en um leið sá staður þar sem ýmis konar hættur eru yfirvofandi og öflugt forvarnarstarf getur komið í veg fyrir heilsutjón. Í þessu sambandi er ekki aðeins um að ræða slyshættu heldur einnig hættu á ýmiss konar sjúkdómum og kvillum sem tengjast vinnunni eða vinnuumhverfinu. Flestir verja drjúgum hluta ævi sinnar á vinnustað þannig að mikilvægt er að hafa augun opin fyrir heilsufarshættum sem tengjast vinnunni beint eða óbeint.

Hafa ber í huga að ekki er aðeins um að ræða beina heilsuvá sem kann að vera fyrir hendi á vinnustöðum heldur hefur á síðari tímum vaxið skilningur á því að vinnan er oftar en ekki samofin lífsháttum fólks, mataræði, hreyfingu, reykingavenjum, vímuefnanotkun (neyslu áfengis og lyfja) o.s.frv.

Vinnueftirlitið mun líta til væntanlegrar lýðheilsustöðvar sem sjálfsagðs samstarfsaðila í framtíðinni verði af stofnun hennar eins og allra annarra aðila sem láta sig vinnuvernd og aðra heilsuvernd varða.

Vinnueftirlitið tengist í dag beint Slysavarnarráði þar sem fulltrúi þess situr í slysavarnarráði og er þátttakandi í Slysaskrá Íslands sem Slysavarnarráð hefur komið á laggirnar. Einnig hefur Vinnueftirlitið átt samstarf við áfengis- og vímuvarnarráð varðandi einstök verkefni, auk þess sem það er í nánu sambandi við Landlækni.


Varðandi frumvarpið almennt þá vekur það vonbrigði hve þröngt lýðheilsa er skilgreind. Auk þess sem ekkert er fjallað um málefni er líta að samspili vinnuverndar- Vinnueftirlits og lýðheilsustöðvar, þá er t.d. hvorki fjallað um hver aðkoma stöðvarinnar verði að umhverfis – og mengunarmálum né heldur að sóttvörnum, en embætti sóttvarnalæknis er nú staðsett hjá Landlækni.

Til þess að lýðheilsustöð geti best gegnt hlutverki sínu þarf hún að vera verkefnaleg mjög sjálfstæð rannsóknarstofnun og þannig að hún geti verið Alþingi, ríkisstjórn / heilbrigðis og tryggingamálaráðherra til ráðgjafar við stefnumótum og forgangsröðun verkefna er varða heilbrigði þjóðarinnar. Setningin í 3.gr. 1 málsgrein „Forgangsröðun verkefna...” er því eins og hugsanavilla því stofnunin hlýtur að eiga að útvega heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra þær upplýsingar sem hann notar síðan til að móta stefnu sína

Markmið með stofnun Lýðheilsustöðar hlýtur að vera að kalla saman helstu sérfræðinga okkar á þessu sviði. Eins og hún er hugsuð í frumvarpinu verður þetta fremur lítil stofnun sem mun þess vegna hafa fremur lítinn slagkraft. Ef það er vilji löggjafans að setja á fót stofnun sem er grundvölluð með þeim hætti sem frumvarpið lýsir þá væri best að fella hana undir starfssemi Landlæknis, en við það mundi bæði fé og vinnukraftur þeirra aðila sem frumvarpið tilgreinir nýtast betur. Í þessu sambandi er vert að undirstrika að í dag og allt frá stofnun embættis Landlæknis 1760 hefur almenningur litið þangað til að fá upplýsingar um lýðheilsu og nýtur embættið í því sambandi almenns trausts.

Ef ætlunin er að setja á stofn stærri alhliða Lýðheilsustöð þá er eðlilegast að frumvarpsdrögin verði endurskoðuð í heild af hópi sérfróðra aðila sem mundi kynna sér sérstaklega hvernig lýðheilsustofnanir eru uppbyggðar og starfa í nágrannalöndum okkar.

Virðingarfyllst



Kristinn Tómasson, M. Sc., dr. med.

Yfirlæknir Vinnueftirlits ríkisins